



Fundargerð sjávarútvegssveitarfélaga 27. apríl 2015

Fundargerð 20. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 27. apríl 2015

Mánudaginn 27. apríl 2015 kl. 15:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Mættir voru: Róbert Ragnarsson formaður, Steinunn María Sveinsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Gauti Jóhannesson. Anna Lind Ragnarsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld

Lögð fram til kynningar gögn frá KPMG ráðgjöf sem tekin voru saman fyrir samtökin vegna umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld.

Ákveðið að fresta fundi og verður honum framhaldið þriðjudaginn 28. apríl kl. 11:30, svo stjórnarmenn geti kynnt sér efnið betur.

Fundi framhaldið í síma kl. 11.30 þriðjudaginn 28. apríl 2015. Allir stjórnarmenn eru mættir, auk Vals Rafns.

Róbert fór yfir gögn KPMG og umræðum haldið áfram um umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld.

Formanni falið að útbúa drög að umsögn og senda á stjórnarmenn til yfirlustrar. Formanni falið að senda umsögnina á nefndasvið Alþingis eigi síðar en 30. apríl 2015.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.

Fundargerð skráði VRH